

# Bæklunarskurðaðgerð

## Útskriftarfræðsla

### Skurðsár

Halda þarf umbúðum yfir skurðsári þurrum og hreinum. Hægt er að kaupa umbúðir í apótekum og ýmist eru notaðar vatnsheldar umbúðir eða bréfplástur. Ekki má fara í baðkar eða í sund fyrr en sár er gróið og hrúður farið af um það bil 3-4 vikum eftir aðgerð. Hefti eða sauma þarf að taka 2 vikum eftir aðgerð nema fyrirmæli séu um annað. Pantar þarf tíma á heilsugæslustöð hjá hjúkrunarfræðingi eða lækni til þess.

### Verkir og verkjalyf

- Ef þörf er á verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek. Taka skal verkjalyf samkvæmt leiðbeiningum á lyfseðli. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalyfin reglulega yfir daginn en ekki bíða þar til verkirnir eru orðnir slæmir.
- Gera má ráð fyrir að smám saman dragi úr verkjum 3-5 dögum eftir aðgerð eða eftir að gifs var lagt á. Er þá rétt að byrja að minnka inntöku verkjalyfjanna.
- Hægðatregða er algeng aukaverkun sterkra verkjalyfja. Hreyfing, næg vökvainntekt og trefjaríkt fæði vinna gegn þessu. Einnig má kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki.
- Ekki má aka bíl meðan sterk verkjalyf eru notuð.

### Blóðþynning

Ef lækni hefur fyrirskipað blóðþynningarsprautur þarf að nota þær í að minnsta kosti vikutíma eftir aðgerð. Hjúkrunarfræðingur kennir á sprauturnar og lækni skrifar lyfseðil fyrir því magni sem á að nota.

### Hvíld og hreyfing

Mikilvægt er að hafa jafnvægi milli hvíldar og hreyfingar. Fylgja skal leiðbeiningum læknis og sjúkráþjálfara. Ef verkir trufla svefn er gott að taka verkjalyf fyrir nóttina.

### Endurkoma

Endurkomutími er gefinn fyrir útskrift af deildinni ef þörf á. Læknar eru með móttöku á göngudeild G3 á Landspítala í Fossvogi.

#### Hafa skal samband við deildina ef:

- líkamshiti verður hærri en 38,5°C
- stöðugir eða versnandi verkir þrátt fyrir verkjalyfjagjöf
- roði, þroti og hiti er í kringum skurðsvæðið

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Bæklunarskurðlækningadeild B5 sími 543 7470, Landspítala í Fossvogi  
Bæklunarskurðlækningadeild B6 sími 543 7600, Landspítala í Fossvogi